

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 19. nóvember 2013 kl. 15:00-17:00 á Háskólatorgi

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Arnfríður Guðmundsdóttir (GUÐ), Guðni Elísson (RIKK), Höskuldur Þráinsson (MVS), Ármann Jakobsson (B&L), Kolfinna Jónatansdóttir (DOKT), Gunnar Harðarson (HEIM), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Irma Erlingsdóttir (EDDA) og Vilhjálmur Árnason (SIÐ) boðuðu forföll.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.

2. Vísindanefnd Háskólaráðs: ÁJ sagði frá stöðu mála við meðferð umsókna og álitamálum sem koma upp innan vísindanefndar.

3. Stefna sviðsins í rannsóknum: ÁE gerði grein fyrir málinu. Fyrir fundinum lá samantekt á tillögum að efnisatriðum í stefnu um rannsóknir frá deildum og frá vísindanefnd í fimm liðum. 1) doktorsnám, 2) nýdoktorar, 3) birtingar rannsóknaniðurstaða, 4) samstarf og rannsóknþjónusta, 5) rannsóknir og önnur sköpun. Í umræðum kom eftirfarandi m.a. fram:

1. Doktorsnám (og annað framhaldsnám).
 - a. Samstarf doktorsnema og leiðbeinenda mætti vera meira.
 - b. Í dag er of tilviljanakennt hvernig samskiptum leiðbeinenda og doktorsnema er háttað og virðast sumir fá mjög litla leiðsögn en aðrir mikla.
 - c. Ef doktorsnemar og leiðbeinendur eiga að birta saman þá gæti verið þörf á prufutímabili, eins konar Mphil-stigi.
 - d. Ákveða þarf hvernig á að meta „hliðarverkefni“ doktorsnema, eins og kennslu og birtingu greina sem ekki eru hluti af doktorsritgerð. Í 180 eininga doktorsnámi er ritgerðin sjálf 180 einingar og því ekkert svigrúm í einingakerfinu. Þó ert lögð áhersla á þessa þætti í lýsingu á 180 eininga doktorsnámi.
 - e. Hvetja til smærri rannsóknaverkefna þar sem doktorsnemar vinna með leiðbeinendum eða öðrum.
 - f. Ekki ætti að stefna að því að fjölga doktorsnemunum.
 - g. Athuga með að tengja doktorsnema betur við stofnanir sviðsins og jafnvel gera þá að starfsmönnum þeirra. Málvísindastofnun heldur skrá yfir doktorsnema í málvísindum og telur þá upp með öðrum félögum stofnunarinnar á heimasíðu sinni.
 - h. Athuga ætti með sérstaka daga í tengslum við Hugvísindaping þar sem MA-nemar kynna lokaverkefni sín.
2. Nýdoktorar.
 - a. Eru mikilvægir fyrir kennslu og lykill að endurnýjun.
 - b. Þarf að skilgreina hlutverk og ráðningarform þeirra betur.
 - c. Gætu haft hlutverk við uppbyggingu doktorsnáms.
3. Birtingar rannsóknaniðurstaða.
 - a. Þarf að bæta samstarf Háskólaútgáfunnar við stofnanir sem gefa út í samvinnu við hana.
 - b. Ritryni er vandamál. Hún er hvergi metin í kerfinu og það getur verið erfitt að fá ritryna.
4. Samstarf og rannsóknþjónusta.
 - a. Mikilvægt að leggja áherslu á þverfagleika í stefnunni (verkefni Guðfræðistofnunar vegna afmælis síðaskiptanna er dæmi um vel heppnað átak).
 - b. Tilraunir til að koma á samstarfi út fyrir sviðið hafa ekki alltaf gengið vel en nú er hugsanlega færi.

- c. Ef það á að leggja áherslu á þverfaglegar rannsóknir í stefnunni þá þarf að hafa með eitthvað um aðgerðir til að koma því í framkvæmd. Getur verið í formi hvatningar, eins og verið hefur undanfarin ár í tengslum við styrkumsóknir og gefist vel.
- d. Leggja áherslu á *Ritið* sem vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

5. Rannsóknir og önnur sköpun.

- a. Mikill áhugi á samstarfi við Listaháskóla Íslands og mörg tækifæri í auknum tengslum við skapandi greinar.
- b. Mikilvægi þýðingar og miðlunar út í samfélagið. Getur verið mjög dýrt að þýða nýtt efni úr fræðunum þar sem höfundarréttur er oft í eigu forlaga sem eru ekki til í að gefa afslátt.
- c. Netútgáfur og opinn aðgangur að rannsóknaniðurstöðum.

4. Önnur mál: ÁE og GE greindu frá tillögu að nafnabreytingu á RIKK. Stjórn Hugvísindastofnunar þarf að samþykkja breytingu á reglum. Verður tekið fyrir á næsta fundi, sem verður haldinn um 15. desember.

Fundi slitið kl. 17:00